

A 1744/presidiet

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna  
Afgreiðsla Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um að efla norrænt samstarf um netvarnir

### Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að leitast við að dýpka samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um netvarnir;

að sjá til þess að sameiginlegum ástandsskýrslum um ógnir og hættur í netumhverfi sé miðlað jafnóðum milli norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna;

að sjá til þess að norrænu löndin tryggji eftir fremsta megni að þau landanna sem standa utan ESB eða NATÓ hafi aðgang að samstarfi um netvarnir sem fram fer á vettvangi þessara stofnana;

að netvarnir verði mikilvægur þáttur í samráði Norðurlanda og Bandaríkjanna um varnarmál;

að samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á sviði netvarna feli í sér beinan stuðning við Úkraínu.

### Forsaga

1. Norrænu löndin eru á meðal þeirra svæða heims þar sem stafræn væðing er hröðust. Norðurlönd standa nú á barmi fjórðu iðnbyltingarinnar. Þættir á borð við vélmennavæðingu, þrívíddarprentun, sjálfkeyrandi ökutæki, stórgögn og gervigreind munu hafa víðtæk áhrif á þetta ferli. Þróunin er knúin áfram af þeim mörgu sóknarfærum sem til staðar eru í stafrænni þróun og hafa áhrif á samfélagið allt. Þessu fylgja gríðarmikil tækifæri, en einnig veikleikar. Daglega verða norrænu löndin fyrir umfangsmiklum netárásum sem koma niður á stöðugleika og skilvirkni í samfélögum þeirra. Samstarfið um upplýsingaöryggi og netvarnir<sup>1</sup> þarf að vera í brennidepli ef Norðurlönd eiga að halda leiðandi stöðu sinni á sviði stafrænnar væðingar.
2. Þetta samstarf ætti að byggja á norrænu samstöðuyfirlýsingunni frá 2011. Í samstöðuyfirlýsingunni eru netárásir skilgreindar sem svið þar sem norrænu löndin eiga að koma hvert öðru til aðstoðar ef árás eða hrun á sér stað. Þetta skuldbindur löndin til að eiga í dýpra samstarfi um betri leiðir til að fyrirbyggja, hindra og takast á við umfangsmiklar netárásir. Í starfinu að því

<sup>1</sup> Netvarnir eru skilgreindar sem samanlögð geta til að verja hagsmuni þjóðar gegn skæðustu netárásum á gangvirki samfélagsins.



að tryggja upplýsinga- og netöryggi í samfélaginu er einnig mikilvægt að standa vörð um grundvallargildi á borð við friðhelgi einstaklinga.

3. Samstarf um netvarnir hefur farið fram í nokkur ár innan ramma NORDEFECO. Á undanförunum árum hafa norrænu löndin byggt upp netöryggissveitir (Computer Emergency Response Team (CERT)). Tilgangur þeirra er að fyrirbyggja og takast á við netárásir í löndunum. Núorðið standa þessar sveitir fyrir sameiginlegum námskeiðum og æfingum og skiptast á ástandsskýrslum um ógnir og hættur í netumhverfi á norrænum vettvangi. Með auknu samstarfi geta löndin eftt sameiginlega getu sína til að takast á við ógnir og hættur í netumhverfi.
4. Eistland, Lettland og Litháen hafa ekki farið varhluta af hinni stafrænu þróun. Einkum hefur Eistland verið í leiðandi stöðu í netheiminum. Árið 2007 varð landið fyrir umfangsmikilli netárás í tengslum við bronsstytumálið svokallaða. Það ber vitni um færni Eistlendinga á þessu sviði að netvarnamiðstöðin NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence er staðsett í Tallinn. Norrænu löndin ættu að stefna að því á vettvangi NORDEFECO að samþætta Eistland, Lettland og Litháen inn í samstarf sitt um netvarnir.
5. Sum norrænu landanna eiga í nánú tvíhliða samstarfi við Bandaríkin á sviði netöryggis. Þetta samstarf myndi eflast enn frekar ef norrænu löndin réðust sameiginlega í aðgerðir ásamt Bandaríkjunum. Ennfremur eiga öll norrænu löndin aðild að ESB og/eða NATÓ, en stærstur hluti alþjóðlegs samstarfs um netvarnir fer fram á vegum þessara bandalaga. Til að efla sameiginlega viðbragðsgetu sína við netárásur ættu norrænu löndin, svo framarlega sem það er unnt, að beita sér fyrir því að flétta annað norrænt land inn sem þriðja landið í slíku tvíhliða samstarfi.
6. Í kjölfar hernaðarofbeldis Rússlands gagnvart Úkraínu og ólöglegar innlimunar Rússa á Krímskaga hefur Úkraína ítrekað orðið fyrir stórskaðlegum netárásur, sem meðal annars hafa beinst að mikilvægum samfélagsinnviðum og afhendingaröryggi orku. Það skiptir sköpum fyrir tilhögun öryggismála á Norðurlöndum og sameiginlega norræna hagsmuni að Úkraína endurheimti friðhelgi yfirráðasvæðis síns og sjálfstæði sitt. Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna felur því í sér diplómátískan og fjárhagslegan stuðning við Úkraínu. Samstarfið ætti einnig að fela í sér stuðning við Úkraínu á sviði netvarna, meðal annars beinan stuðning CERT-sveitanna í löndunum við þau úkraínsku yfirvöld sem málið varðar.



Reykjavík, 19. september 2017

*Bengt Morten Wenstøb (H)*  
*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Brigitte Klinskov Jerkel (KF)*  
*Brynjar Nielsson (Sj.)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Heidi Nordby Lunde (H)*  
*Juhana Vartiainen (saml)*  
*Lars-Arne Staxäng (M)*  
*Lena Asplund (M)*

*Maria Stockhaus (M)*  
*Michael Tetzschner (H)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Susanna Koski (saml)*  
*Sylvi Graham (H)*  
*Teitur Björn Einarsson (Sj.)*  
*Thomas Finnborg (M)*  
*Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)*  
*Wille Rydman (saml)*